
STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 11. MAÍ 2018 KL 17:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Steinunn Snædal, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Erna Jóhanna Erlendsdóttir og Árni Ólason. Guðný Drífa Snæland boðaði forföll.

Steinunn Snædal stýrði fundi og Björn Ingimarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Lokaball og foreldravakt

Fram kom að lokaballið tókst með ágætum en þátttaka í foreldrarölti var dræm sem olli vonbrigðum og er áhyggjuefni.

2. Edrú-pottur

Farið yfir þáttöku í edrú-potti og ákveðið að ráðstafa úr honum á eftirfarandi hátt:

Ákveðið að gefa tíu þúsund króna gjafakort á þau tíu sem mættu á öll sex böll vetrarins og blésu og átta þúsund króna gjafakort þeim níu sem höfðu mætt á fimm böll og blásið. Skólinn leggur til 72.000,- og foreldrafélagið 100.000,- eða samtals 172.000,- kr. Björn, Bergrún og Erna mæta fyrir hönd félagsins og afhenda þetta með skólameistara í hádeginu nk. þriðjudag.

Ákveðið að stefna að því að framvegis verði samkomur á vegum ME vímuefnalausar og þar með verði aðgangur skilyrtur þátttöku í edrú-pottinum. Málið verði tekið upp með stjórn nemendafélagsins í haust.

3. Önnur mál

Ákveðið að boða til aðalfundar foreldrafélags í tengslum við nýnemakynningu nk. haust?

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35.